


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	ENS193	Kennsluáætlun vorönn 2010

Kennari	Karen Malmquist	Sk.st.	KMQ
----------------	-----------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að hjálpa nemendum að ná upp megni af námsefni grunnskólans en þó með breyttum áherslum og að þeir öðlist sjálfstraust í meðferð tungumálsins. Farið er í námstækni greinarinnar og nemendum kennt að nota orðabók. Lögð verður meiri áhersla á að nemendur tileinki sér hagnýtan orðaforða til daglegra samskipta. Minni rækt er lögð við hefðbundna málfræðikennslu en aðeins farið í orðflokkgreiningu. Meiri áhersla er hins vegar lögð á allskonar orðaforðaæfingar og hlustun. Mikið er lagt upp úr virkri þátttöku nemenda í kennslustundum. Léttir textar valdir til lestrar með heildarskilning að markmiði. Ýmis verkefni verða unnin yfir önnina, aðallega í tengslum við orðaforða og málfræði. Lokapróf verður svo lagt fyrir í annarlok og gildir það 50% af lokaeinkunn og lotupróf sem eru 3 gilda 30%. Vinnueinkunn er 10%. Þeir nemendur sem fá einkunnina 7 í þessum áfanga hafa rétt til að setjast í ENS1026."

Markmið: er að vinna upp það sem ekki náðist í grunnskóla og búa nemendur undir það að geta hafið nám í ENS102.

Námsgögn: Twist, student's book og workbook (fæst í bókabúð) og málfræði ENS193 (fæst á skrifstofu VMA)

Áætlun um yfirferð:

Vika 1: Kynning á áfanga.

Vikur 2-4: Kafli 1 í textabók og vinnubók, nútíð í málfræði, farið í vinnubrögð og notkun orðabóka.

Vikur 5-7: Kafli 2 í textabók og vinnubók, þátíð í málfræði.


Vikur 8-10: Kafli 3 í textabók og vinnubók, greinar og nafnorð í málfræði.

Vikur 11-14: Kafli 4 í textabók og vinnubók, lýsingarorða og fornöfn í málfræði.

Vikur 15-17: Upprifjun og farið í annað tilfallandi efni sem kennari útvegar.

Verkefni: Eftir kafla 1, 2 og 3 er próf úr efni hvers kafla fyrir sig og einnig þeirri málfræði sem farið hefur verið í. Önnur verkefni eru tengd orðaforða og einnig önnur sem eru meira til gamans gerð.

Námsmat og vægi námsþátta: Hvert kaflapróf gildir 10% af lokaeinkunn (=30%), skil á heimaverkefnum og vinna í tímum gildir 10%, námsmappa 5% og ástundun gildir 5%. Ekki er mikið um heimavinnu í þessum áfanga, en gert er ráð fyrir góðri

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	ENS193 Kennsluáætlun vorönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Þátttöku í tímum og að skil á heimavinnu sé 100%. Til að komast í ENS102 þarf nemandi að fá einkunnina 7, en til að komast í ENS293 þarf einkunnir 5 eða 6. Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning:

Undirritun kennara _____

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils _____